

ÞINGEYJAR SVEIT

**HVAÐ ER AÐ
FRÉTTA?**



ÁGÚST 2024

SVEITARFÉLAG Í SÓKN

Enn heldur íbúum Þingeyjarsveitar áfram að fjölga. Þeir eru nú 1561, og hefur fjölgað um 14 frá því í vor. Íbúum Þingeyjarsveitar hefur fjölgað hlutfallslega næst mest af sveitarfélögum á Norðurlandi eystra sem er ánægjulegt og sýnir að Þingeyjarsveit er sveitarfélag í sókn.

Fyrir í mánuðinum fór sveitarfélagið í gegnum jafnlaunavottunarferli. Gekk það afar vel og fáum við formlega vottun á næstu vikum. Mikil vinna felst í að fara í gegnum svona ferli og eiga þær Margrét Hólm og Valdís Lilja þakkir skildar fyrir þeirra framlag.

Stefnumótunaryvinnan er á lokastigi. Nú tekur stýrihópurinn við keflinu ásamt ráðgjöfum og leggur fram drög fyrir sveitarstjórn. Íbúum, starfsfólki og fyrirtækjæigendum ber að þakka þeirra framlag við vinnu stefnunnar,

fjölmargar góðar hugmyndir og tillögur komu fram á þeim fundum sem haldnir hafa verið sem og í gegnum vefkönnun sem var opin öllum íbúum sveitarfélagsins. Undirbúningur fyrir fjárhagsáætlunargerð er hafinn og á næstu vikum eru forstöðumenn og sviðsstjórar boðaðir til fundar við sveitarstjóra og sviðsstjóra fjármála og stjórnsýslusviðs þar sem farið verður yfir rekstur ársins og lagðar fram starfsáætlanir fyrir næsta ár. Þá tekur byggðarráð og síðan sveitarstjórn við keflinu og leggur grunn að fjárhagsáætlun fyrir árið 2025.

Það er alltaf tilhlökkun þegar skólar hefjast á haustin. Mönnun skólanna gekk vel og skólabyrjun fer vel af stað. Í Þingeyjarsveit er hlutfall menntaðra kennara mjög hátt og metnaðarfullt starf fer fram í öllum grunn- og leikskólum sveitarfélagsins svo eftir er tekið.

Já haustið er komið með sínum sjarma og framundan er einn skemmtilegasti tími ársins, göngur og réttir. Hér í Þingeyjarsveit er réttað á átta stöðum og má finna upplýsingar um dagsetningar þeirra hér í fréttabréfinu.

Kveður í runni, kvakar í mó

kvíkur þrastasöngur.

Eins mig fýsir alltaf þó

aftur að fara í göngur. (Jónas Hallgrímsson)

Sjáumst í réttum,

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri

BOLLALEGGINGAR SVEITARSTJÓRA



Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri ásamt systur sínum Ingibjörgu og Kristínu Erlu í Tungnaréttum

LOPAPEYSA + REGNGALLI + GÚMÍTÚTTUR = ...

RÉTTIR 2024

- Mýrarrétt í Bárðardal *laugardagur 31. ágúst*
- Baldursheimsrétt í Mývatnssveit *sunnudaginn 1. september*
- Hlíðarrétt í Mývatnssveit *sunnudaginn 1. september*
- Árrétt á Arndísarsstöðum *sunnudaginn 8. september*
- Fótarrétt í Bárðardal *mánudaginn 2. september*
- Hraunsrétt í Aðaldal *sunnudaginn 15. september*
- Lokastaðarétt í Fnjóskadal *sunnudaginn 15. september*
- Víðikersrétt í Bárðardal *sunnudaginn 8. september*



Hraunsrétt í Aðaldal
Mynd tekin af framsyn.is

ÞRÍR FULLTRÚAR LÖGÐU AF STAÐ Í LEIÐANGUR

Fulltrúar Þingeyjarsveitar þáðu heimboð sveitarstjórnar Suður-Fróns (Sør-Fron) í mið-Noregi síðsumars. Markmið heimsóknarinnar var að leggja grunn að vinabæjarsamstarfi Þingeyjarsveitar og Suður-Frón sem áður var vinabær Skútustaðahrepps.



Afar vel var tekið á móti fulltrúum okkar, þeim Ragnheiði Jónu, Knúti Emil og Jónu Björgu. Þau fengu kynningu á sveitarfélaginu, funduðu með kjörnum fulltrúum og heimsóttu m.a. Sygard Grytting, Rudi Gard, Sør-Frón kirkju, Sørheim og Gálå. Einnig var fundað með Norræna félaginu í mið-Guðbrandsdal. Með í för var Högni Kristjánsson sendiherra Íslands í Noregi.

Áhugavert var að heimsækja sveitarfélagið sem er um margt líkt Þingeyjarsveit, dreifbýlt sveitarfélag sem byggir á landbúnaði, ferðapjónustu og iðnaði. Stóru verkefni sveitarfélaganna sem og áskoranirnar sem þau standa frammi fyrir sem dreifbýl samfélög eru jafnframt lík, s.s. í skólastarfi, dreifðri þjónustu við íbúa og samgöngum. Heimafólk tjáði fulltrúum Þingeyjarsveitar að sumarið hefði verið ansi blautt í júlí, líkt og hér heima og var heyskapur í seinna fallinu líkt og hjá okkur.

Suður-Frón er ríkt af menningu og eru fjölmargar hátíðir haldnar ár hvert og fengu fulltrúar sveitarfélagsins að upplifa frumsýningu á Peer Gynt við Gálåvatnið í dýrðlegu veðri þar sem um 25 þúsund manns sjá árlega uppsetninguna sem er útsýning á bökkum vatnsins.

Óhætt er að segja að þessi tvö sveitarfélög standi frammi fyrir sambærilegum áskorunum og tækifærum. Nú er unnið að samstarfssamningi milli sveitarfélaganna sem byggir m.a. á samstarfi á sviði menningar, ungmenna og stjórnsýslu.



ARCTIC CHALLENGE SÆLKERAVEISLA

Arctic Challenge (sem eru félagssamtök gerð til þess að efla hugvit og ástríðu veitingamanna á Norðurlandi) og Þingeyjarsveit standa að ógleymanlegum matar- og drykkjarveislum í Ýdölum 27. og 28. september.

Þar munu sigurvegarar Arctic Chef og Arctic Mixologist 2024 sýna hvað í þeim býr og hvað er mögulegt að töfra fram með hráefnum úr nærumhverfinu. Hvetjum alla til að finna viðburðinn Sælkeraveisla í Ýdölum á facebook og fylgjast með. Matseðillinn og nánari upplýsingar koma þar inn fljótlega!

Þingeyjarsveit er eins og við vitum fjársjóðskista sælkerans, og hér er mikil framleiðsla af úrvals hráefnum. Arctic Challenge hópurinn fór á flakk um sveitarfélagið í sumar, fór í margar heimsóknir og kynnti sér framleiðslu á svæðinu til að hefja undirbúning fyrir veislurnar.



Vallakotsbændur leiðsögðu í blíðunni



Nýtt brugghús hjá Mývatn Öl var heimsótt



Ævintýraveröldin á Hveravöllum

HEIMBOÐ AÐ HOFSTÖÐUM

Vettvangsakademían á Hofstöðum bauð í heimsókn í ágúst til að kynna verkefnið *Vettvangsakademía á Hofstöðum í Mývatnssveit*. Fornleifafraeðingarnir Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson leiddu fólk um svæðið og fóru yfir sögu þess, verkefnið og framtíðarsýn. Afar skemmtileg heimsókn full af áhugaverðum fróðleik. Tækifærin á Hofstöðum eru vægast sagt mikil og spennandi að sjá hvernig spilast úr spilunum.

Verkefnið er samstarfsverkefni Háskólans á Hólum, Háskóla Íslands og Minjastofnunar Íslands og markmið þess að koma á fót þverfaglegri vettvangsakademíu á Hofstöðum þar sem unnið er að rannsóknum, kennslu og miðlun menningararfs í samvinnu fornleifafraeði, minjavörslu, ferðamálafræði og hönnunar. Mikil tækifæri felast í að miðla þeim menningararfi sem grafinn hefur verið úr jörðu á Hofstöðum og gera hann aðgengilegan almenningi. Níu namar tóku þátt í akademíunni í sumar og voru þeir afar ánægðir með veru sína á Hofstöðum.



Hofstaðir í Mývatnssveit



Fróðleiksfúsir gestir

FRAMKVÆMDAFRÉTTIR

Vinna við nýtt stjórnarsýsluhús á Laugum er á lokametrunum og gert ráð fyrir flutningum á næstu vikum! Óhætt er að segja að það sé mikil spenna hjá starfsfólki sveitarfélagsins að komast í nýja og glæsilega aðstöðu. Eins og glöggir muna var oddviti vor, Gerður Sigtryggsdóttir búin að lofa starfsfólki skrifstofunnar köku í fyrsta morgunkaffinu í nýju stjórnarsýsluhúsi. Aðspurð segist hún aldeilis ekki hafa gleymt því, kakan sé svo gott sem komin inn í ofninn. Hún vill þó ekki gefa upp hvernig kaka það verður, það eigi að koma á óvart. Hér má sjá nokkrar nýlegar myndir úr stjórnarsýsluhúsinu.



Almennt má segja að framkvæmdir sem áætlaðar voru hafi gengið eftir áætlun.

- Framkvæmdir við nýtt stjórnarsýsluhús að ljúka
- Framkvæmdir við göngu- og hjólreiðastíg við Mývatn er lokið og gengu vel
- Framkvæmdir við endurnýjun hitaveitu við Skútustaði að Álftagerði að hefjast sem verða grunnur að göngu og hjólreiðastíg þar á milli
 - Annað viðhald á veitum hefur gengið eftir áætlun
 - Viðgerðum við Garðsveitu er lokið
- Unnið er að viðgerð íbúðar í Þingeyjarskóla
- Viðhald á stofnunum hefur gengið eftir áætlun s.s:
 - Búið er að skipta um ljós og neyðarútgangur lagaður í ÍMS
 - Búið er að kaupa ný ljós í Ýdali og verða þau sett upp á næstunni.
 - Framkvæmdir eru að hefjast við að setja niður nýja rotpró fyrir Breiðumýri
 - Framkvæmdir við lóð á Melgötu hafa dregist en hefjast fljótlega

.... og margt fleira smálegt.

GOSLOKAHÁTÍÐ!

Goslokahátíð Kröflu er ný menningarhátíð í Mývatnssveit, sem fagnar goslokum Kröfluelda 18. september 1984. Nú eru liðin 40 ár! Þessu viljiði ekki missa af því dagskráin er lygilega spennandi.

Nánari upplýsingar má finna á facebook: [Goslokahátíð Kröflu](#)



Á fyrsta fundi sveitarstjórnar eftir sumarfrí var lögð fram endurskoðuð stefnuyfirlýsing nýs meirihluta. Stefnuyfirlýsingin var upphaflega samþykkt á 34. fundi sveitarstjórnar þann 26. október 2023 og birtist hér í uppfærðri útgáfu:

K-listi ásamt Gerði Sigtryggsdóttur og Knúti Emil Jónassyni af E-lista gera með sér eftirfarandi samkomulag um myndun nýs meirihluta í Þingeyjarsveit

Stjórnsýsla - Rekstur og fjármál

- Varfærni, stöðugleiki og gagnsæi í fjármálum sveitarfélagsins. Stefnt verði að því að skatttekjur standi undir rekstrarkostnaði í A-hluta
- Fyrsta kjörtímabil nýs sveitarfélags verði uppbyggingartímabil með áherslu á skilvirka stjórnsýslu sem tryggi verklag og fagleg vinnubrögð til langs tíma
- Farið verði yfir starfsemi og skipan nefnda
- Íbúar sveitarfélagsins verði hvattir til að taka virkan þátt í stefnumótun sveitarfélagsins með fjölbreyttum hætti s.s. með þátttöku í íbúafundum

Fræðslumál

- Börnum frá 12 mánaða aldri verði tryggð leikskóladvöl
- Samfélagsleg staða leikskólastigsins verði eflid
- Skólamáliðir verði áfram gjaldfrjálsar á báðum skólastigum sveitarfélagsins. Lögð verði áhersla á að þróa skólaláðunustu sveitarfélagsins enn frekar
- Í framhaldi gildistöku nýrrar skólastefnu:
- Próunarverkefni á ýmsum sviðum s.s. í námsframboði, kennsluháttum í samstarfi við starfsfólk skólanna
- Aukið samstarf skóla sveitarfélagsins bæði faglegt og félagslegt
- Könnun á fýsileika á sameiginlegu unglingastigi í samstarfi við FL í framhaldi af umræðum á íbúafundum
- Starfshópur taki til starfa og fylgi eftir stefnumörkun skólastefnunnar í samvinnu við sviðsstjóra fjölskyldusviðs

Velferðar- og fjölskyldumál

- Í framhaldi af flutningi stjórnsýslu sveitarfélagsins úr Kjarna verði stofnaður starfshópur sem hafi tvíþætt hlutverk; annars vegar að þróa verkefni sem tengist þjónustu við eldra fólk með hliðsjón af verkefninu „Gott að eldast“ í samvinnu við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Hins vegar að þróa heilsutengda þjónustu í Kjarna
- Unnið verði af metnaði með verkefnið Heilsueflandi samfélag
- Unnið verði að bættum gæðum félagsþjónustunnar í samráði við Norðurþing um framtíð og fyrirkomulag þjónustu á svæðinu

Atvinnu- og kynningarmál

- Skylda sveitarfélagsins er að skapa umgjörð þar sem fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum geta þrífist og blómstrað
- Stutt við störf án staðsetningar sem víðast í sveitarfélaginu, s.s. í Gíg, Laugum, Reykjahlíð og Stórutjörnum
- Áframhaldandi samstarf við Mývatnsstofu um markaðs- og kynningarmál sveitarfélagsins
- Skapað verði frjótt umhverfi fyrir nýsköpun í samvinnu við fyrirtæki á svæðinu.
- Unnið verði að atvinnuþróun í Bárðardal og Ljósavatnsskarði í samráði við íbúa og hagaðila
- Unnið verði markvisst í því að sækja opinber störf inn í sveitarfélagið um leið og þau störf sem eru fyrir verða varin

Húsnæðismál

- Í kjölfar samkomulags um húsnæðisuppbyggingu við innviðaráðuneytið verði skipaður starfshópur sem vinni áfram í samvinnu við sveitarstjóra að uppbyggingu íbúða á svæðinu
- Tryggja þarf fjölbreytt lóðafurboð víðs vegar um sveitarfélagið
- Beiðni sveitarfélagsins til Dvalarheimilis aldraða sf. um byggingu búseturéttaríbúða í sveitarfélaginu verði fylgt eftir af fullum þunga

Mannvirki

- Greining á ástandi fasteigna fari fram og viðhaldsframkvæmdum forgangsraðað
- Almenn greining á eignum sveitarfélagsins m.t.t. nýtingar og möguleika á sölu
- Ýmis verkefni:
- Lokið verði við malbikun núverandi göngu- og hjólastígs að Álftagerði og teknar upp viðræður við Vegagerðina um aðkomu að frekari stígagerði í sveitarfélaginu
- Í framhaldi af ósk um verndun hverasvæðis á Þeistareykjum og gildistöku deiliskipulags verði unnið að lagningu stíga og verndun svæðisins með t.d. aðkomu Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða

Umhverfis- og skipulagsmál

- Nýtt aðalskipulag Þingeyjarsveitar er í vinnslu og skipulagsnefnd hefur unnið úr innsendum athugasemdum við vinnslutillögu. Tillagan verður svo kynnt síðla árs
- Pétting byggðar í Reykjahlíðarþorpi og næsta byggingaland
- Endurskoðun á stjórnunar- og verndaráætlun Mývatns og Laxár í samstarfi við UST. Stefnumörkun að nýtingu Kálfastrandar verður hluti af þeirri vinnu
- Gerð verði samráðsáætlun við UST um þau fjölmörgu verkefni sem stofnunin sinnir á verndarsvæði Mývatns og Laxár og víðar í sveitarfélaginu
- Efla samstarf við Vatnajökulsþjóðgarð um starfsemi VJP í sveitarfélaginu
- Fyrirséð er að söfnun á lífrænu sorpi verði til mikils kostnaðarauka fyrir íbúa sveitarfélagsins og því verði leitað leiða sem henti svæðinu til að draga úr kostnaði
- Greina þarf stöðu fráveitna í sveitarfélaginu
- Úttektar á stöðu annarra veitna er að vænta og verður verkefnum forgangsraðað til að auka afhendingaröryggi til íbúa og tryggja þjónustu
- Stuðlað verði að orkuskiptum innan sveitarfélagsins
- Unnið verði að slitum HNP og að Þingeyjarsveit taki við eignarhlutum HNP í Þingey og Skuldapíngey

Samgöngur

- Áfram verði þrýst á ríkisvaldið varðandi nauðsynlegar samgöngubætur í sveitarfélaginu og að tryggja bættu vetrarþjónustu
- Staðinn verði vörður um fjarskiptasamband og FM sendingar innan sveitarfélagsins

Menningarstarfsemi

- Yfir stendur vinna við greiningu á notkun og ástandi félagsheimilanna, en þau eru mikilvægur þáttur í lífi og starfi íbúa sveitarfélagsins
- Staðið verði vörð um starfsemi Menningarmiðstöðvar Þingeyinga

Íþróttá- og tómstundamál

- Frístundastyrkur verði hækkaður
- Samstarf skóla og íþróttá- og tómstundarfélaga verði eftt

Þetta staðfesta eftirfarandi fulltrúar í Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 20.08.2024


Arnór Benónýsson
Árni Pétur Hilmarsson
Gerður Sigtryggsdóttir
Jóna Björg Hlöðversdóttir
Knútur Emil Jónasson
Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir

HEIMREIÐAMOKSTUR

Samkvæmt nýjum reglum Þingeyjarsveitar um snjómokstur er ábúendum gert fært að sjá sjálfir um snjómokstur á sínum heimreiðum. Þeir sem sækjast eftir því að moka eigin heimreiðar þurfa að sækja sérstaklega um það.

Í umsókn skal taka fram tækjakost og fyrirkomulag snjómokstursins, sveitarfélagið áskilur sér rétt til að hafna umsóknum ef tækjakostur er ekki í samræmi við kröfur sveitarfélagsins. Um er að ræða þriggja ára samning. Umsóknir skulu sendar til Ingimars sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs á netfangið ingimar@thingeyjarsveit.is.

Umsóknum skal skilað inn fyrir þriðjudaginn **3. september** næstkomandi en þá verður heimreiðamokstur auglýstur fyrir verktaka.



Í FREMSTU RÖÐ Í SNÓMOKSTURSPJÓNUSTU

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum 22. ágúst sl. nýjar reglur um snjómokstur.

„Að flestu leyti er þetta sambærilegt þeim reglum sem áður voru. Helsta breytingin er að nú miðum við ekki við fjölda mokstursdaga á viku heldur fjölda mokstursdaga á mánuði. Heimilt er að moka heimreiðar átta sinnum í mánuði. Þetta er fyrst og fremst gert til þess að mögulegt verði að moka oftari í þeim vikum sem snjóar meira.“ segir Ingimar Ingimarsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs.



Aðspurður segir Ingimar þessa ökuferð líklega það næsta sem hann hafi komist snjómokstri :)

„Aðrar breytingar snúa að þeim sem ekki hafa fasta búsetu hér í sveit, heldur aðeins skráð lögheimili. Þessi hópur verður að sjálfsögðu þjónustaður en nú er ætlast til að haft sé samband við mokstursmenn með góðum fyrirvara svo þeir fari ekki í sérstök útköll vegna heimreiðanna.

Þá opnuðum við líka fyrir að ábúendur geta sótt um að moka eigin heimreiðar gegn greiðslu. Við höfum þegar auglýst eftir þeim sem það vilja og getur fólk haft samband við mig með tölvupósti á ingimar@thingeyjarsveit.is“

Ertu ánægður með nýju reglurnar? „Ég held ég þori að fullyrða að með þessum nýju reglum sé Þingeyjarsveit í fremstu röð þegar kemur að snjómoksturspjónustu. Ég var um tíma búsettur á Vestfjörðum þar sem heimreiðamokstur er greiddur tvisvar sinnum á ári, það er því himinn og haf á milli þjónustunnar sem veitt er hér miðað við þar. Þess má til gamans geta að heimreiðamokstur er t.d. ekki greiddur af sveitarfélaginu í Grýtubakkahreppi. Við getum því sagt að við séum vel í sveit sett þegar kemur að heimreiðamokstri.“

Hvað gerist næst í þessum málum? „Nú erum við að auglýsa eftir þeim sem vilja sjálfir moka eigin heimreiðar. Ábúendur hafa tækifæri til 3. september til að sækja um að moka sjálfir. Sveitarfélaginu er svo skipt í snjómoksturssvæði og þegar lokið hefur verið við að fara yfir umsóknir ábúenda um eigin mokstur verða svæðin auglýst til umsókna fyrir verktaka. Ég geri því ráð fyrir því að allir samningar verði klárir fyrir 15. september.

NÚ ER KOMIÐ AÐ ÞVÍ!

Ertu með hugmynd sem er búin að malla lengi í kollinum? Eða bara einhverja splunkunýja? SSNE opnar fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð þann 11. september, umsóknarfresti lýkur þann 16. október.

Láttu verða af því og sæktu um - það gerir það enginn fyrir þig!! Nánar á SSNE.is



ÞINGEYJARSVEIT ÓSKAR EFTIR TÓMSTUNDALEIÐBEINENDUM Í FÉLAGSMIÐSTÖÐ

Unnið er með ungmennum á aldursbilinu 10-16 ára. Um er að ræða tímavinnu og vinnutími getur verið breytilegur en fer að mestu leyti fram milli kl. 17:00-22:00 tvo virka daga í viku. Starfsstöðvar eru annars vegar í Reykjahlíð og hins vegar í Aðaldal.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Myrra Leifsdóttir verkefnastjóri æskulýðs-, tómstunda- og menningarmála í myrra@thingeyjarsveit.is

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamning Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Eingöngu er tekið við umsóknum sem berast með því að fylla út rafrænt umsóknareyðublað á vef Þingeyjarsveitar.

Umsóknarfrestur er til 5. september

Menntunar- og hæfniskröfur

- Umsækjandi þarf að vera eldri en 18 ára
- Mikill áhugi af starfi með börnum og unglingum
- Reynsla af því að vinna með börnum og unglingum er kostur, starfsmaður fær þó þjálfun
- Stundvísi og skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð í samskiptum, sveigjanleiki og samstarfshæfni
- Fjölbreytt áhugasvið sem nýtist í starfi félagsmiðstöðva er kostur
- Almenn tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku
- Hreint sakavottorð er skilyrði

BEINT FRÁ BÝLI DAGURINN Í SVARTÁRKOTI

Svartárkotsbúið í Bárðardal opnaði býli sitt fyrir gestum í tilefni af Beint frá býli deginum sem var haldinn annað árið í röð í ágúst í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Heimavinnsluaðilar og smáframleiðendur matvæla úr landshlutanum mættu í Svartárkot til að kynna og selja vörur sínar. Það má segja að hálfgerð umferðaröngþveiti hafi myndast í Bárðardal-vestri enda mættu mörg hundruð manns í Svartárkot og á tímabili var ekki laust stæði að finna á túninu. Dagurinn var hinn skemmtilegasti. Börnin fóru á hestbak og í boði var að sigla á Svartárvatni. Kvenfélagið Hildur seldi veitingar og allir fóru klifjaðir og kátir heim.



HVER ER MARGRÉT HÓLM VALSDÓTTIR?

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs og staðgengill sveitarstjóra



„Ég er fædd á Akureyri, bjó þar fyrstu ár ævinnar en flutti níu ára í Laxárvirkjun í Aðaldal og hef verið Þingeyingur síðan. Er viðskiptafræðingur og iðnrekstrarfræðingur frá H.A. og með diploma í ferðamálafræði frá Háskólanum á Hólum. Ég bjó í yfir 20 ár í Mývatnssveitinni fögru en síðustu ár á Húsavík þar til í janúar á þessu ári þegar við hjónin fluttum í Laugar. Ég er gift Stefáni Þór Hallgrímssyni sem er Hafnfirðingur af húsviskum og laxdælskum ættum. Við eigum samtals þrjú börn og einn hund. Hef afskaplega gaman af ferðalögum og samveru við skemmtilegt fólk, hitt má alveg eiga sig.“

Hvernig er típískur vinnudagur? „ Það er tæplega hægt að tala um venjulegan vinnudag hjá mér þar sem hann breytist oft eins og vindurinn og fyrirfram ákveðin dagskrá fýkur þar með út í fyrrnefndan vind. Fjármálin og stjórnsýslan eru á mínu borði og má nærri geta að verkefni eru margvísleg. Byrjunin er þó yfirleitt sú sama, að setjast niður með kaffibolla og leysa heimsmálin með vinnufélögunum. Þar er lítið um vandræðalegar þagnir og ekki alltaf allir sammála en þetta eru hinsvegar alltaf góðar morgunstundir.“

Hvað kanntu mest að meta við sveitarfélagið? „Mannlífið og náttúruna, ekki spurning. Það var afskaplega notalegt að flytja „aftur heim“ í sveitarfélagið og finna þær hlýju móttökur sem við hjónin höfum fengið. Hvað varðar náttúruna þá verður ekkert fram hjá því horft að sveitarfélagið er ríkt af dásamlegum náttúruperlum sem við þurfum að umgangast með ákveðinni auðmýkt og virðingu því þessi einstaka náttúra er ekki sjálfgefin auðlind til framtíðar ef ekki er rétt á spilum haldið. Hún er hinsvegar ómetanlegur fjársjóður, bæði fyrir okkur sem búum hér í sveitarfélaginu og þá sem sækja okkur heim.“

Eftirminnilegasti hrekkur sem þú tókst þátt í?

Busavígsla okkar 4. bekkinga á 1. bekkingum haustið 1986 í MA. Eftir hana voru busavíglur nánast aflagðar, allavega voru þær teknar til gagngerrar endurskoðunar þar sem við þóttum vera full ógeðsfantaleg við greyið busana :)

HVER ER SIGRÚN MARINÓSDÓTTIR?

Sigrún er innheimtufulltrúi Þingeyjarsveitar



Sigrún og rósirnar

Sigrún er fædd og uppalin á Þórshöfn á Langanesi.

„Ég er gift Kalla mínum og við búum á Núpum í Aðaldal. Við eigum þrjú börn, og eina litla ömmu- og afastelpu. Ég útskrifaðist sem stúdent 1989 og hef ég farið á ótal skemmtileg og mis nytsamleg námskeið í gengum tíðina. Skemmtilegast í lífinu er samvera með fjölskyldunni, ferðalög, hannyrðir, föndur og ræktun þá sérstaklega ræktun ilmandi rósa og jarðarberja í gróðurhúsinu.“

Sigrún er innheimtufulltrúi og býr til reikninga fyrir t.d. fasteignagjöldum, hitaveitu, húsaleigu ofl. Hún segir vinnustaðinn alveg hreint frábæran, starfsfólkið sé hressst og skemmtilegt og svo sé auðvitað skemmtilegt að búa til peninga. Aðspurð er hún ekki lengi að svara hvað hún myndi sýna gestum á svæðinu: „Heimarafstöðina á Núpum, Heiðina, Aðaldalshraunið, Knútsstaðaborg, Hveravelli, Húsavík og Mývatnssveit.“

Ef það væri gerð kvikmynd um líf þitt, hver myndi leika þig og hvers vegna?

„Melissa McCarthy því hún er svo hress og skemmtileg.“



FUNDADAGATAL ÞINGEYJARSVEITAR

SEPTEMBER

- 5. Byggðarráð/FRÆV
- 9. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd
- 9. Ípróttu- og tómstundanefnd
- 12. Umhverfisnefnd
- 18. Skipulagsnefnd
- 19. Byggðarráð
- 24. Viðtalstími Stórutjarnaskóla
- 26. Sveitarstjórn

Smelltu [HÉR](#) til að lesa síðustu fundargerð sveitarstjórnar.

Allar fundargerðir nefnda má finna á thingeyjarsveit.is

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðamaður: Dagry Þénuardóttir-hlaupastelpan@is.is - t: 8953366

Við minnum á að Hlaupastelpan birtist rafrænt á heimasíðu Þingeyjarsveitar og kemur að jafnaði út vikulega.

FYLGDU ÞINGEYJARSVEIT Á INSTAGRAM OG FACEBOOK



Eftirtaldir starfsmenn verða með viðveru í Mývatnssveit sem hér segir í september:

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri

11. og 25. september kl. 9-15 í Gíg.

Margrét Hólm Valsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs (staðgengill sveitarstjóra)

4. september frá 9-15 í Gíg.

Ásta F. Flosadóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs

3. og 25. september frá 9-15 í Gíg.

Ingimar Ingimarsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs

3., 10., 17, og 24. september frá 10-14 í Gíg.

Rögvaldur Harðarson byggingarfulltrúi

3., 10., 17, og 24. september frá 10-14 í Gíg.

Hægt er að bóka viðtalstíma á öðrum dögum eftir samkomulagi. Beiðnir um viðtalstíma sendist á netfangið: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is eða í síma 512 1800

Skráðu þig á póstlistann

Skráðu netfangið þitt á póstlista Þingeyjarsveitar og fáðu sendar fréttir og tilkynningar í tölvupósti.

SKRÁ MIG

**Skráðu þig á póstlista
sveitarfélagsins á thingeyjarsveit.is
og fáðu allar fréttir sendar beint til
þín!**

Fréttabréf Þingeyjarsveitar 1. árg. 7. tbl.

Ritstj. og ábyrgðamaður: Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri

Umsjón: Mývatnsstofa - Úlla Árdal

Þingeyjarsveit, Kjarna á Laugum

Sími: 512 1800

Netfang: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is